

# GRUNDVALLARLÖG (RÓTARÝKLÚBBA) RÓTARÝKLÚBBS HAFNARFJARÐAR

## 1. grein Skilgreiningar

Í þessum grundvallarlögum hafa orðin hér á eftir þá merkingu sem hér segir nema annað leiði augljóslega af samhenginu:

- Stjórn: Stjórn klúbbsins.
- Sérlög: Sérlög klúbbsins.
- Stjórnarmaður: Stjórnarmaður í klúbbum.
- Félagi: Félagi annar en heiðursfélagi í klúbbum.
- RI: Rotary International.
- Ár: 12 mánaða tímabil sem hefst 1. júlí.

## 2. grein Nafn

Nafn klúbbsins er Rótaryklúbbur Hafnarfjarðar (Aðili að Rotary International)

## 3. grein Mörk klúbbsvæðis

Starfssvæði þessa rötaryklúbbs nær yfir Hafnarfjörð og nágrennanabyggðarlög.

## 4. grein Tilgangur

Markmið Rötarys er að örva og leggja rækt við þjónustuhugsjónina svo að hún verði grundvöllur góðra verka og sérstaklega að glæða og efla:

- Viðkynningu svo að hún veiti tækifæri til þjónustu.
- Háleitar siðgæðiskröfur í athöfnum og embættisfærslu, viðurkenningu á gildi allra nytsamra starfa, virðingu hvers félaga fyrir starfi sínu sem tækifæri til að vinna samfélaginu gagn.
- Fylgi við þjónustuhugsjónina í einkalífi, atvinnu og samfélagsstörfum hvers félaga.
- Eflingu skilnings, góðvildar og friðar þjóða í millum með heimsfélagsskap framkvæmda- og embættismanna er þjónustuhugsjónin tengir saman.

## 5. grein Þjónustuleiðirnar fjórar

Hinar fjórar þjónustuleiðir Rötary marka hugsjónalega og verklega umgjörð starfs í þessum klúbbi.

- Klúbbþjónustan, fyrsta þjónustuleiðin, tekur til þeirra verka sem félagi innir af hendi til þess að klúbbstarfið verði sem árangursríkast.
- Starfsgreinaþjónustan, önnur þjónustuleiðin, hefur það að markmiði að stuðla að ríku siðgæði í viðskiptum og **störfum** viðurkenningu á gildi allra nytsamra starfa, og rækt við þjónustuhugsjónina í öllum athöfnum. Hlutverk félaga er að breyta í anda Rötary bæði í einkalífi og starfi.
- Samfélagsþjónusta, þriðja þjónustuleiðin, vísar til þess sem félagar leggja af mörkum, stundum í samstarfi við aðra aðila, til að auka lífsgæði þeirra er eiga heima á klúbbsvæðinu eða í sveitarfélaginu.
- Alþjóðleg þjónusta, fjórða þjónustuleiðin, nær til þeirra verkefna sem félagar vinna að til að efla skilning milli þjóða, góðvild og frið með því að auka kynni við fólk frá öðrum löndum, menningu þess, siðvenjur, árangur, væntingar og vanda með lestri og tjáskiptum og með þátttöku starfi og verkefnum klúbbsins, sem ætluð eru til að liðsinna íbúum í öðrum löndum.

## 6. grein Fundir

### 1. liður *Reglulegir fundir*

- (a) **Dagur og fundartími.** Klúbburinn skal halda reglulegan fund einu sinni í viku hverri á þeim degi og tíma sem fyrir er mælt í sérlögum hans.
- (b) **Breyting á fundi.** Þegar brýna nauðsyn ber til getur klúbbstjórn ákveðið fund á öðrum degi en venjulega, þó þannig að hann sé á því tímabili sem hefst daginn eftir síðasta reglulegan fundardag á undan og lýkur daginn fyrir næsta reglulegan fund.. Einnig getur stjórn breytt um fundarstað og fundartíma ef þörf krefur.
- (c) **Niðurfelling fundar.** Þegar reglulegan fundardag ber upp á lögboðinn eða almennt viðurkenndan hátíðisdag, ef félagi í klúbbnum fellur frá, drepsóttir geisa eða hamfarir ríða yfir allt byggðarlagið, ellegar óeirðir á svæðinu kunna að stofna lífi félaga í hættu, getur klúbbstjórn fellt niður reglulegan fund. Stjórnin má ekki á eigin spýtur fella niður meira en fjóra reglulega fundi á rótarýárinu af öðrum ástæðum en hér hafa verið taldar og aldrei fleiri en þrjá í röð.

### 2. liður *Kjörfundur.*

Árlegt stjórnarkjör í klúbbnum skal fara fram á kjörfundi ekki síðar en 31. desember, svo sem mælt er fyrir í sérlögum klúbbsins.

## 7. grein Félagsaðild.

### 1. liður *Almenn skilyrði.*

Félagi skal vera fulltíða einstaklingur, vammlaus, vel metinn í starfi og virtur af athöfnum sínum.

### 2. liður *Félagar.*

Í klúbbnum eru tvenns konar félagar, virkir félagar og heiðursfélagar.

### 3. liður *Aðild.*

Velja má einstakling, búinn þeim verðleikum sem nefndir eru í 6. grein, lið 2 í stofnskrá R.I., sem virkan féлага í klúbbnum.

### 4. liður *Flutningur milli klúbba eða innganga fyrrverandi rótarýfélaga.*

Félagi getur stungið upp á sem virkum féлага einstaklingi, sem hyggst flytjast úr öðrum klúbbi eða er fyrrverandi rótarýfélagi, ef viðkomandi hyggst hætta eða hefur hætt aðild sinni að fyrri klúbbi þar sem hann starfar ekki lengur í starfsgrein sinni á svæði þess klúbbs eða nágrenni hans. Einnig getur klúbburinn, sem einstaklingur hefur verið virkur félagi í, stungið upp á honum sem féлага samkvæmt þessum lið. Starfsgrein flytjandi eða fyrrverandi félaga getur ekki komið í veg fyrir val hans í klúbbinn, þó að það raski tímabundið reglum um takmörkun fjölda í starfsgreininni.

### 5. liður *Tvöföld félagsaðild.*

Enginn getur verið virkur félagi í þessum klúbbi og öðrum rótarýklúbbi samtímis. Enginn getur á sama tíma verið virkur félagi og heiðursfélagi í þessum klúbbi. Enginn félagi getur samtímis verið virkur félagi í þessum klúbbi og í rotaractklúbbi.

### 6. liður *Heiðursfélagar.*

a) *Hæfi heiðursfélaga:*

Klúbburinn getur kjörið sem heiðursfélaga hvern þann einstakling sem sýnt hefur frábæra atorku í útbreiðslu hugsjóna Rótarýs svo og þá sem kalla má vini Rótarýs vegna stöðugs stuðnings við málefni þess. Stjórnin ákveður hversu langan tíma slík félagsaðild gildir. Einstaklingur getur verið heiðursfélaga í fleiri en einum klúbba.

b) *Réttindi:*

Heiðursfélagi greiðir ekki inntökugjald né árgjöld, hefur ekki atkvæðisrétt, verður ekki kosinn til neinnar stöðu í klúbbnum, er ekki fulltrúi neinnar starfsgreinar en á rétt á að sækja alla fundi og njóta alls þess sem klúbburinn hefur að bjóða. Heiðursfélagi þessa klúbbs nýtur engra réttinda né fyrirgreiðslu í neinum öðrum klúbba, að öðru leyti en því að honum er heimilt að sækja fundi annarra klúbba án þess að vera gestur rótarýfélaga.

## 7. liður *Opinber störf.*

Einstaklingur sem er kosinn eða skipaður til opinberra starfa um ákveðið tímabil er ekki hlutgengur virkur félagi sem fulltrúi þeirrar starfsgreinar. Þetta ákvæði tekur þó ekki til einstaklinga sem gegna stöðum í skólum, háskólum eða kennslustofnunum yfirleitt eða starfa í dómskerfinu. Félagi sem kosinn er eða skipaður til opinberra starfa um tiltekinn tíma verður áfram fulltrúi þeirrar starfsgreinar sem var síðasti starfsvettvangur hans á undan kjöri hans eða skipun meðan á því stendur.

## 8. liður. *Starfsfólk RI.*

Klúbburinn getur haft að félagi hvaða starfsmann RI sem er meðan hann gegnir því starfi.

## 8. Grein Starfsgreinar.

### 1. liður. *Almenn ákvæði.*

a) *Aðalstarf.*

Hverjum félagi skal valin starfsgein í samræmi við atvinnurekstur hans, stöðu eða stétt, eða tegund samfélagsþjónustu hans. Sú starfsgrein sem valin er skal vera lýsandi fyrir það starf sem hann vinnur að mestu leyti við hvort sem það er í fyrirtæki, stofnun eða embættisrekstri eða er lýsandi fyrir eðli samfélagsþjónustu félagsins.

b) *Leiðrétting eða breyting.*

Sé tilefni til getur stjórnin leiðrétt eða breytt starfsgrein félaga. Félagi skal jafnan tilkynnt um slíka endurskoðun og gefið tækifæri að tjá sig um hana..

### 2. liður. *Takmarkanir*

Ekki skal velja sem virkan félagi fulltrúa úr starfsgrein, hafi klúbburinn fleiri en fimm félagi úr þeirri starfsgrein, nema því aðeins að í klúbbnum séu fleiri en 50 félagar. Þá má velja félagi í hana svo fremi að fjöldi þeirra fari ekki yfir 10% af fjölda félaga í klúbbnum. Ekki skal telja félagi sem látið hafa af störfum með í heildarfjölda í starfsgrein. Starfsgrein flytjandi félaga, fyrirverandi félaga eða styrkþega rótarýsjóðsins skv. skilgreiningu aðalstjórnar R.I., getur ekki komið í veg fyrir val hans í klúbbinn, þó að það raski tímabundið reglu um fjölda í starfsgreininni. Breyti maður um starfsgrein getur hann áfram verið félagi í nýrri starfsgrein, þrátt fyrir þessar takmarkanir.

## 9. Grein Fundarsókn

### 1. liður. *Almenn ákvæði.*

Félagi skal sækja reglulega fundi í klúbbnum. Það telst fundarsókn ef rótarýfélagi er viðstaddur 60% af fundartímanum, eða er óvænt kallaður af fundi af ástæðum sem stjórnin tekur gildar eða bætir upp fjarveru sína með einhverjum eftirtöldum hætti:

a) *Fjórtán daga tímamörkin:*

Ef félagi á fjórtán (14) daga bili fyrir og eftir fundinn:

1. sækir fund í öðrum klúbbsi eða reynsluklúbbsi, a.m.k. 60% af fundartímanum, *eða*
2. sækir fund í félagsskap á vegum Rótarýs (Rotaract, Interact eða RCC) *eða*
3. sækir allsherjarþing R.I., löggjafarþing eða aðrar gildar samkomur á vegum R.I., umdæmisins eða annarra umdæma, svo sem umdæmisþing, formót, svæðismót, svo og nefndarfundir á vegum umdæmis að beiðni umdæmisstjóra *eða* \*
4. mætir á réttum tíma á fundarstað annars klúbbs þó að sá klúbbur hafi fellt niður fund *eða*
5. er viðstaddur og tekur þátt í klúbbþjónustuverkefni eða samfélagsviðburði sem klúbburinn stendur að eða fundi sem stjórnin hefur viðurkennt *eða*
6. sækir stjórnarfund klúbbsins eða fund í þjónustunefndum klúbbsins (klúbbþjónustunefnd, starfsgreinanefnd, þjóðmálanefnd og alþjóðanefnd) eða öðrum klúbbnefndum sem stjórnin hefur viðurkennt og hann verið kosinn til *eða*
7. tekur gegnum vefsíðu klúbbsins þátt í samskiptaverkefni, sem tekur minnst 30 mínútur í senn.

\* um frekari upptalningu er vísað til Manual of Procedure.

Ef félagi er erlendis lengur en fjórtán daga gilda tímamörkin ekki, þannig að hann getur sótt fundi þar hvenær sem er meðan á ferð stendur og hver slík mæting skal gilda sem uppbót fyrir hvern reglulegan fund sem hann hefur misst af vegna ferðarinnar.

#### b) Vegna fjarveru á fundartíma:

Félaga má reikna fundarsókn ef hann á fundartíma er

1. á ferðalagi stystu leið til eða frá samkomum samkvæmt undirlið 3 a í þessum lagalið, *eða*
2. í erindagerðum sem sýslunarmaður, nefndarmaður R.I. eða stjórnarmaður R.F. *eða*
3. sérstakur fulltrúi umdæmisstjóra við stofnun nýs klúbbs, *eða*
4. starfsmaður R.I. bundinn við störf í þágu Rótarýs, *eða*
5. á ferð vegna starfs að verkefni á vegum umdæmis eða R.I. í afskekktum landshluta þar sem engin leið er að komast á rótarýfund *eða*
6. í viðurkenndum erindagerðum fyrir klúbbinn og getur þess vegna ekki sótt fund.

#### 2. liður. Langvarandi fjarvera á fjarlægum stað.

Ef félagi starfar um lengri tíma fjarri eigin klúbbsvæði og mætir í tilteknum klúbbsi á því svæði þar sem hann er kemur það í stað fundarsóknar í eigin klúbbsi, enda sé um það samkomulag milli hans eigin klúbbs og þess klúbbs sem hann sækir fundi hjá.

#### 3. liður. Undanþágur frá fundarsókn.

Félagi fær undanþágu frá fundarsókn ef :

- (a) Ástæða fjarvistar samræmist þeim skilyrðum og öðrum aðstæðum sem stjórnin hefur viðurkennt. Stjórnin getur undanþegið féлага mætingarskyldu af ástæðum sem hún telur fullnægjandi.
- (b) Ef summa af aldri og félagsaðild féлага í einum eða fleiri Rótarýklúbbum er 85 ár eða meira og félaginn hefur óskað þess skriflega við ritara klúbbsins að vera undanþeginn mætingarskyldu og óskin hlotið samþykki stjórnar.

#### 4. liður. Fjarvera embættismanns R.I.

Félagi sem er embættismaður R.I. er undanþeginn mætingarskyldu.

#### 5. liður. Skráning mætinga.

Ekki skal telja féлага sem er undanþeginn mætingarskyldu samkvæmt undirlið 3 (b) og lið 4 hér að ofan með í þeirri tölu sem notuð er til þess að reikna út mætingarhlutfall klúbbsins.

### 10. grein Stjórn og nefndarmenn

**1. liður. Stjórn.**

Stjórn klúbbs er í forsvari fyrir hann og valin í samræmi við ákvæði sérlaga klúbbsins.

**2. liður. Vald.**

Stjórnin hefur almennt vald yfir öllum sýslunarmönnum og nefndum klúbbsins og getur skipt um menn í öllum störfum, sé fyrir því eðlileg ástæða.

**3. liður. Ákvörðun stjórnar endanleg.**

Ákvörðun klúbbstjórnar er endanleg í öllum klúbbmálum en henni má vísa til klúbbfundar. Félagi, sem stjórnin hefur ákveðið að vísa úr klúbbnum, getur þó skotið málinu til klúbbfundar eða óskað gerðardóms (sbr.12. grein lið 6). Ákvörðun vísað til klúbbfundar fellur því aðeins úr gildi að tveir þriðju hlutar félaga á reglulegum fundi sem meirihluti félaga sækir séu henni mótfallnir, enda hafi ritari klúbbsins tilkynnt félögum um málavöxtu minnst fimm dögum fyrir fundinn. Afgreiðsla fundarins er endanleg.

**4. liður. Stjórnarmenn.**

Í stjórn klúbbs skulu vera forseti, viðtakandi forseti og einn eða fleiri varaforsetar. Ritari, gjaldkeri og stallari skulu einnig kosnir og skal í sérlögum klúbbsins tilgreint hvort þeir teljist til stjórnarmanna.

**5.liður. Kosning stjórnar****a) Kjörtímabil stjórnarmanna annarra en forseta.**

Stjórnarmenn klúbbs skulu kosnir eins og fyrir er mælt í sérlögum klúbbsins. Að undanskildum forseta taka þeir við starfi 1. júlí næstan á eftir kjördegi sínum og starfa þar til aðrir hafa verið kosnir í þeirra stað.

**b) Kjörtímabil forseta.**

Kjósa skal forseta á þann hátt sem mælt er fyrir í sérlögum klúbbsins. Hann skal kosinn tveimur árum hið mesta og átján mánuðum hið minnsta áður en hann tekur við starfinu og gegnir skyldum tilnefnds forseta eftir kjörið. Hann skal starfa sem verðandi forseti. frá 1. júlí árið áður en hann tekur við sem forseti. Hann tekur við embætti 1. júlí í upphafi starfsárs síns og gegnir því í eitt ár eða þar til annar hefur verið kjörinn í hans stað.

**c) Hæfisskilyrði.**

Allir stjórnarmenn og aðrir sýslunarmenn klúbbs skulu vera félagar í góðum metum. Verðandi forseti skal sækja námsstefnu verðandi forseta, formót og umdæmisþing nema hann fái undanþágu hjá verðandi umdæmisstjóra. Fái hann undanþágu ber honum að senda skilríkan fulltrúa fyrir sig sem síðan flytur honum skýrslu um viðfangsefni mótsins. Sæki verðandi forseti ekki fræðslumót forseta og formót án þess að hafa fengið undanþágu umdæmisstjóra og sent viðurkenndan fulltrúa klúbbsins á þessar samkomur telst hann ekki hæfur að gegna starfi forseta klúbbsins. Við þessar aðstæður gegnir sitjandi forseti starfinu þar til valinn hefur verið eftirmaður sem hefur sótt fræðslumót forseta og formót eða fengið þjálfun sem verðandi umdæmisstjóri telur fullnægjandi.

**11. grein Inntökugjald og önnur gjöld**

Allir félagar skulu greiða inntökugjald og árgjald svo sem fyrir er mælt í sérlögum klúbbsins. Félagi sem flyst úr öðrum klúbbi samkvæmt 7. grein lið 4 þarf ekki að greiða inntökugjald öðru sinni. Rotaractor félagi sem hefur hætt sem slíkur á síðustu 2 árum er undanþeginn greiðslu inntökugjalds.

**12. Grein Tími félagsaðildar****1. liður. Tími.**

Félagsaðild varir meðan klúbburinn starfar nema henni ljúki af einhverjum eftirgreindum ástæðum:

## 2. liður. *Slit.*

### a) *Aðildarskilyrði.*

Félagsaðild að klúbbi rofnar sjálfkrafa ef félagi uppfyllir ekki lengur skilyrði til aðildar að klúbbum með þessum undantekningum:

- (1) Stjórnin getur veitt félagi sem flytur burt af klúbbsvæðinu leyfi til að vera áfram í klúbbum og undanþágu frá fundarsókn í eitt ár hið mesta, meðan hann er að kynna klúbbi á svæðinu, þangað sem hann hefur flutt, enda uppfylli félaginn öll önnur skilyrði fyrir aðild að klúbbum.
- (2) Stjórnin getur veitt félagi sem flytur af klúbbsvæðinu heimild til þess að vera áfram í klúbbum, ef hann eftir sem áður uppfyllir öll skilyrði fyrir aðild að klúbbum.

### b) *Endurnýjun félagsaðildar.*

Hafi félagi hætt í klúbbum af ástæðum greindum í lið a í þessum kafla og fram til þess tíma verið í góðu álitum innan klúbbsins getur hann sótt um inngöngu að nýju fyrir sömu eða aðra starfsgrein. Ekki skal greiða inntökugjald að nýju.

### c) *Lok aðildar heiðursfélaga.*

Kjör heiðursfélaga fellur sjálfkrafa úr gildi að loknu því tímabili sem stjórnin hefur ákveðið að það gildi. Stjórnin getur samt sem áður framlengt það til lengri tíma. Stjórnin getur hvenær sem er afturkallað kjör heiðursfélaga.

## 3. liður. *Slit vegna vanskila á gjöldum.*

(a) Félagi sem ekki greiðir gjöld sín innan þrjátíu daga frá gjalddaga skal skriflega áminntur af ritara um greiðslu.

Greiði hann ekki skuldina innan tíu daga frá áminningu má strika hann út af félagaskrá, nema stjórnin ákveði annað.

(b) Hann getur orðið félagi að nýju, ef klúbbstjórn ákveður svo, að beiðni hans og hann hefur greitt gjöld sín, enda sé starfsgrein hans ófyllt. Þó getur fyrrum félagi ekki orðið virkur félagi að nýju stangist starfsgrein hans á við 8. grein lið 2.

## 4. liður. *Slit vegna vanrækslu á fundarsókn.*

### (a) *Mætingarhlutfall*

Félagi verður að:

- (1) Sækja eða bæta sér upp a.m.k. 50% reglulegra funda á fyrri og síðari helmingi rótarýársins, hvorum fyrir sig.
- (2) Sækja a.m.k. 30% reglulegra funda í eigin klúbbi á fyrri og síðari helmingi rótarýársins. (aðstoðarumdæmisstjórnir samkvæmt skilgreiningu aðalstjórnar R.I. eru undanþegnir þessari skyldu).

Sé fundarsókn ekki eins og krafist er, er heimilt að fella félagsaðild úr gildi nema stjórnin taki ástæður fyrir fjarvistum góðar og gildar.

### (b) *Samfæld fjarvera.*

Sæki félagi ekki fjóra reglulega fundi í röð og bæti þá ekki upp, án þess að stjórnin hafi heimilað það af fullnægjandi ástæðum eða ákvæði 9. greinar 3. eða 4. liðar eigi við, skal stjórn tilkynna honum að líta megi á fjarveruna sem beiðni um úrsögn úr klúbbum. Að svo búnu getur stjórnin samþykkt með meirihluta atkvæða að fella hann út af félagaskrá.

## 5. liður. *Slit af öðrum ástæðum.*

### (a) *Gildar ástæður.*

Klúbbstjórn getur fellt út af félagaskrá einstakling sem ekki uppfyllir lengur kröfur um

verðleika félaga eða af öðrum gildum ástæðum. Samþykktin skal gerð með minnst tveimur þriðju hlutum atkvæða á stjórnarfundum sem sérstaklega er haldinn um þetta mál. Á þessum fundi skal hafa að leiðarljósi 1. lið 7. greinar sem og fjórprófið.

b) *Tilkynning*

Áður en gripið er til aðgerða samkvæmt lið a hér að framan skal þeim sem í hlut á tilkynnt um málið með minnst tíu daga fyrirvara og gefinn kostur á að skila stjórninni skriflegri greinargerð. Einnig á hann rétt á að koma fyrir stjórnina til að standa fyrir máli sínu. Þetta skal honum tilkynnt bréflega í ábyrgðarbréfi eða boðsendingu til síðasta heimilisfangs.

c) *Ráðstöfun starfsgreinar*

Hafi félagi verið felldur út af félagaskrá, eins og lýst hefur verið í þessum lið, skal ekki samþykkja nýjan félag í starfsgrein hans fyrir en kærufresti er lokið, klúbbfundur hefur fjallað um málið eða gerðardómur lokið störfum. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef fjöldi virkra félaga í starfsgreininni er innan marka enda þótt ákvörðun stjórnarinnar um slit verði hnekk.

**6. liður. Réttur til áfrýjunar, sáttaumleitana eða gerðardóms varðandi slit.**

a) *Tilkynning.*

Hafi klúbbstjórn ákveðið að fella félag út af félagaskrá skal ritari innan sjö daga frá þeirri ákvörðun gera honum grein fyrir henni bréflega. Hann getur innan fjórtán daga tilkynnt ritara bréflega að hann ætli að gera eitt af þrennu; vísa máli sínu til klúbbfundar, æskja sáttafundar eða leggja það í gerð eins og fyrir er mælt í 16. grein.

b) *Áfrýjun til klúbbfundar.*

Áfrýji hann máli sínu til klúbbfundar skal stjórnin ákveða á hvaða reglulegum fundi málið skuli tekið fyrir og boða til hans innan tuttugu og eins dags frá móttöku áfrýjunar.

Sá klúbbfundur skal boðaður bréflega öllum félögum með minnst fimm daga fyrirvara og grein gerð fyrir fundarefni. Hann skal vera lokaður öðrum en klúbbfélögum.

c) *Sáttafundur eða gerðardómur.*

Sé máli vísað til sáttafundar eða í gerðardóm skal með það farið eins og fyrir er mælt í 16. grein laga þessara.

d) *Áfrýjun.*

Sé máli áfrýjað til klúbbfundar skal ákvörðun hans vera endanleg og bindandi fyrir alla er hlut eiga að máli og er ekki hægt að leggja hana í gerðardóm.

e) *Ákvörðun gerðardómenda eða oddamanns.*

Sé óskað eftir gerðardómi skal ákvörðun dómenda eða oddamanns ef þeir eru ekki einhuga vera endanleg og bindandi fyrir alla aðila og verður ekki áfrýjað.

f) *Árangurslaus sáttafundur*

Beri sáttafundur ekki árangur, getur félagi skotið máli til klúbbfundar eða gerðardóms svo sem tiltekið er í lið a.

**7. liður. Ákvörðun stjórnar endanleg.**

Ákvörðun klúbbstjórnar í máli er endanleg, hafi því ekki verið vísað til klúbbfundar eða gerðardóms.

**8. liður. Úrsögn.**

Úrsögn félaga úr klúbbnum skal vera skrifleg og send til forseta eða ritara. Klúbbstjórn ber að samþykkja hana, enda sé félagi skuldlaus.

**9. liður. Missir eigna og réttinda.**

Einstaklingur sem ekki er lengur félagi í rótarýklúbbum glatar öllum rétti til sjóða og annarra eigna klúbbsins.

#### 10. liður. *Tímabundin slit félagsaðildar.*

Ef það er álit stjórnar, án tillits til annarra ákvæða grundvallarlaganna, að

- (a) fram hafi komið trúverðugar ásakningar um að félagi hafi neitað eða vanrækt að fara að grundvallarlögnum, eða hafi gerst sekur um hegðun sem féлага er ekki samboðin eða sett blett á orðstír klúbbsins; og
- (b) varði þessar ásakningar, reynist þær á rökum reistar, slit félagsaðildar viðkomandi féлага; og
- (c) ekki sé talið æskilegt að grípa til aðgerða varðandi félagsaðild hans meðan beðið er niðurstöðu í máli eða atvikum sem stjórnin telur að þurfi að liggja fyrir áður en hún afgreiðir málið; og
- (d) með hagsmunum klúbbsins að leiðarljósi sem og til að komast hjá atkvæðagreiðslu um félagsaðild hans eða hennar, skuli félagsaðild viðkomandi féлага slitið tímabundið og hann útilokaður frá fundum og öðru starfi í klúbbum sem og frá embættum og stöðum sem hann gegnir fyrir klúbbinn. Félaginn verður undanþeginn mætingarskyldu á grundvelli þessa ákvæðis;

getur stjórnin, með atkvæðum a.m.k. 2/3 hluta stjórnarmanna, slitið aðild félagans um tiltekið tímaskeið og á þeim forsendum sem stjórnin ákveður, en þó ekki lengur en telja má sanngjarnt miðað við aðstæður allar.

### 13. grein Samfélags-, þjóðmála- og alþjóðamálefni

#### 1. liður. *Sannir þegnar.*

Félagar þessa klúbbs bera fyrir brjósti velferðarmál samfélags, þjóðar og heimsins alls. Á klúbbfundum eru rædd á heiðarlegan og upplýsandi hátt málefni sem til heilla horfa, félögum til fróðleiks, skilnings og skoðanamyndunar. Hins vegar tekur klúbburinn ekki afstöðu til dægmála eða útkljáðra deilumála.

#### 2. liður. *Engin meðmæli.*

Klúbburinn styður ekki né mælir með neinum frambjóðanda til opinberra starfa og ræðir ekki á fundum sínum verðleika eða ávirðingar slíkra frambjóðenda.

#### 3. liður. *Engin pólitísk afstaða.*

##### a) *Ályktanir og samþykktir*

Klúbburinn gerir ekki ályktanir um eða dreifir samþykktum um málefni á alþjóðavettvangi né lætur til sín taka pólitískar stefnur í alþjóðamálum.

##### b) *Áskoranir*

Klúbburinn skorar ekki á aðra klúbba, þjóðir eða ríkisstjórnir að taka ákveðna afstöðu í pólitískum alþjóðamálefnum né heldur dreifir hann bréfum, ræðum eða ritgerðum af þeim toga.

#### 4. liður. *Upphaf Rótarýs.*

Afmælisvika Rótarýs (afmælisdagurinn er 23. febrúar) nefnist friðar- og vináttuvika. Í þeirri viku leggur klúbburinn sig fram um að kynna markmið Rótarýs, minna á afrek hreyfingarinnar og vekja sérstaklega athygli á hugsjón hennar um frið, skilning og góðvilja heima fyrir og um veröld alla.



## 14. grein Tímarit Rótarýs

### 1. liður. *Skylduáskrift.*

Klúbburinn leggur þá skyldu á herðar félögum sínum að þeir kaupi tímarit R.I. eða viðurkennt svæðistímarit hreyfingarinnar hafi klúbburinn ekki verið undanþeginn þeirri kvöð samkvæmt ákvörðun stjórnar R.I. Félagi greiðir áskrift að ritinu frá upphafi þess sex mánaða tímabils er hann gekk í klúbbinn og til loka þess sex mánaða tímabils er hann hvarf úr klúbbnum.

### 2. liður. *Innheimta áskriftargjalds.*

Áskriftargjald tímaritsins skal klúbburinn inheimta af félögum hálfárslega fyrirfram og skila því til aðalskrifstofu R.I. eða þeirrar skrifstofu sem sér um útgáfu viðkomandi svæðisrits.

## 15. grein Viðurkenning á markmiðum og lögum Rótarýs

Þegar félagi gengur í klúbbinn og greiðir inntökugjald viðurkennir hann um leið að vera samþykkur markmiðum Rótarýs og fellst á að fylgja þeim og vera bundinn af stofnskrá Rótarýs og sérlögum klúbbsins. Með því öðlast hann þau réttindi sem klúbburinn veitir. Sérhverjum rótarýfélaga ber að fylgja þessum lögum hvort sem hann hefur fengið þau í hendur eða ei.

## 16. grein Sáttafundir og gerðardómur

### 1. liður *Deilur.*

Komi upp missætti í klúbbnum, af öðrum ástæðum en ákvörðun stjórnar, milli félaga eða fyrrum félaga og klúbbsins, sýslunarmanns eða stjórnar, af hvaða ástæðu sem er og málið leysist ekki eftir þeim leiðum sem þegar er gert ráð fyrir, skal eftir beiðni til ritara frá einhverjum deiluaðila, skera úr deilumálinu með sáttafundi eða gerðardómi.

### 2. liður *Tímasetning sáttafundar og gerðardóms.*

Ef þörf er sáttafundar eða gerðardóms skal stjórn klúbbsins ákveða tíma fyrir slíkt í samráði við aðila máls og skal hann haldinn innan tuttugu og eins dags frá því beiðni um það hefur borist.

### 3. liður *Sáttaumleitanir.*

Framkvæmd sáttafundar skal vera í samræmi við viðurkenndar kröfur hér á landi, hagað eftir leiðbeiningum viðurkenndra sérhæfðra aðila á þessu sviði eða fylgja í því efni skráðum reglum sem stjórn R.I. eða Rótarýsjóðsins hafa látið í té. Eingöngu má velja rótarýfélaga til sáttastarfa. Klúbburinn getur beðið umdæmisstjóra eða fulltrúa hans að tilnefna sáttasemjara sem er rótarýfélagi og hefur viðurkennda þekkingu og reynslu á því sviði.

#### a) *Niðurstaða sáttafundar*

Samkomulag deiluaðila og niðurstaða sáttafundar skal skráð og fá báðir aðilar og sáttasemjari eintak, ennfremur stjórn klúbbsins og skal ritari varðveita það. Úrdráttur samkomulagsins skal gerður til upplýsinga fyrir aðra klúbbfélaga. Hvor deiluaðili fyrir sig getur óskað eftir að forseti eða ritari boði til frekari viðræðna hafi annarhvor vikið verulega frá gerðu samkomulagi

#### b) *Árangurslausar sáttaumleitanir*

Beri sáttaumleitanir ekki árangur, geta deiluaðilar hvor um sig óskað gerðardóms svo sem tilgreint er í lið 1 í þessari grein.

### 4. liður *Gerðardómur.*

Sé óskað gerðardóms skal hvor aðili tilnefna mann í dóminn og þeir koma sér saman um oddamann. Aðeins rótarýfélagar geta gegnt störfum í slíkum gerðardómi.

**5. liður** *Niðurstöður gerðardóms eða oddamanns.*

Niðurstaða gerðardóms eða oddamanns, náist ekki samkomulag, er endanleg og bindandi fyrir alla aðila og henni er ekki hægt að áfrýja

**17. grein** **Sérlög klúbbsins**

Klúbburinn setur sín eigin sérlög. Þau mega ekki vera í ósamræmi við stofnskrá eða sérlög R.I., reglur umdæmisins né þessi grundvallarlög, en bæta má við sérákvæðum um stjórnun klúbbsins, ef henta þykir. Sérlögum má breyta samkvæmt ákvæðum þeirra.

**18. grein** **Túlkun**

Þegar í lögum þessum eru notuð orðin "póstur", "póstleggja" og "atkvæðagreiðsla í pósti" er einnig átt við notkun tölvupósts (e-mail) og netsamskipta (internet) til þess að draga úr kostnaði og auka svörun.

**19. grein** **Lagabreytingar**

**1. liður.** *Hvernig standa á að lagabreytingum.*

Að öðru leyti en því sem tilgreint er í lið 2 í þessari grein verður þessum grundvallarlögum klúbba aðeins breytt af löggjafarþingi R.I. á sama hátt og ákveðið er í sérlögum R.I. um breytingar á þeim lögum.

**2. liður.** *Breyting á 2. grein og 3. grein.*

2. grein þessara laga (um nafn) og 3. grein (um svæðistakmörk) má breyta á almennum klúbbfundi þar sem meirihluti félaga er viðstaddur og gildir samþykkt tveggja þriðju hluta félaga er greiða atkvæði. Tillagan skal áður kynnt öllum félögum með bréfi minnst tíu (10) dögum fyrir fundinn. Einnig skal breytingin kynnt aðalstjórn R.I. og hlýtur ekki staðfestingu fyrir en hún hefur samþykkt hana. Umdæmisstjóri getur látið í ljós álit sitt við aðalstjórn R.I. um breytingartillöguna.

**Þessi grundvallarlög (Rótarýklúbba) Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar eru þannig samþykkt á klúbbfundi 10. júní 2010.**

---

Hallgrímur Jónasson, forseti (sign)

---

Hjördís Guðbjörnsdóttir, verðandi forseti (sign)

---

Sigþór Jóhannsson, ritari (sign)